

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 7. september kl. 9:15 var haldinn 160. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Sigurborg Ó Haraldsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 26. ágúst 2016.

2. **Ellidabraut 4-6, 8-10 og 12, breyting á deiliskipulagi** (04.772.3) Mál nr. SN160659
660504-2060 Plússarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Páls Hjalta Hjaltasonar, mótt. 31. ágúst 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóða nr. 4-6, 8-10 og 12 við Ellidabraut. Í breytingunni felst að breyta landnotkun úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, skv. uppdráttum Plússarkitekta ehf., dags. 31. ágúst 2016.

Kynnt

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir bókar: „Framsókn og flugvallarvinir þakka áhugaverða kynningu á lóðum við Ellidabraut. Norðlingaholtið er í dag eftirsótt fjölskylduhverfi. Við hvetjum því til þess að það verði skoðað af fullri alvöru að byggingarmagn verði aukið á byggingarreitnum sem hefur verið stækkaður frá því sem var, þó þannig að ásynd hverfisins haldi sér. Kynningin ber með sér að miklir möguleikar séu til þess. Reykjavíkurborg hefur fjárfest mikið í innviðum hverfisins og tengingu við nærliggjandi hverfi og eru innviðir hverfisins sterkir. Sú staðreynd að skortur er á lóðum og íbúðum í Reykjavík hvetur til þess að þarna verði samþykkt deiliskipulag með fleiri íbúðum og auknu byggingarmagni.

Páll Hjaltason arkitekt og Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Aðalskipulag Reykjavíkur, leiðrétting, óveruleg breyting á aðalskipulagi** (01.254) Mál nr. SN160653
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. september 2016, að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, vegna túlkunar og framsetningar á stefnu um íbúðarhúsnæði. Í breytingunni felst skerping á orðalagi í neðanmálsgrein og lagfæring á misræmi sem kemur fram milli korts og töflu á mynd 13, í kaflnum Borgin við Sundin (bls. 32-33) í greinargerð.

Tillaga að óverulegri breytingu samþykkt, sbr. 2. mgr. 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísad til borgarráðs“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Sverrisdóttir og Marta Guðjónsdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Framnesvegur 40, 42 og 42a, breyting á** (01.133.4) Mál nr. SN160539
deiliskipulagi
451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær
170753-3139 Sigurður Hallgrímsson, Stórákur 7, 210 Garðabær

Lögð fram umsókn Arkþings, dags. 1. júlí 2016 um breytingu á deiliskipulagi Sólvallagöturéits vegna lóðanna nr. 40, 42 og 42a við Framnesveg skv. uppdrætti, dags. 30. júní 2016. Breytingin gengur út á aukið byggingarmagn. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar dags. 7. janúar 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Keilugrandi/Boðagrandi/Fjörugrandi,** (01.513.3) Mál nr. SN150467
breyting á deiliskipulagi
130473-5559 Jón Valgeir Björnsson, Bárugata 37, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 1 við Keilugranda auk lóða Fjörugranda og sléttar tölur Boðagranda. Í breytingunni felst niðurrif núverandi iðnaðarhúsnæðis og uppbygging íbúðarhúsnæðis á lóð Keilugranda 1, samkvæmt deiliskipulagsupph. Kanon arkitekta ehf., dags. 19. maí 2016. Einnig er lagður fram skýringar- og skuggavarsupph., dags. 19. maí 2016, snið, dags. 19. maí 2016 og greinargerð og skilmálar, dags. 19. maí 2016. Jafnframt er lagt fram minnisblað VSÓ ráðgjafar um hljóðvist, dags. 6. maí 2016, húsaskrá og varðveislumat Borgarsögusafns Íslands, dags. 19. maí 2016 og hljóðvistarskýrsla Trivium Ráðgjafar, 20. maí 2016. Tillagan var auglýst frá 14. júní 2016 til og með 26. júlí 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Gylfi Gunnarsson og Magdalena S. Ingimundardóttir f.h. húsfélagsins að Boðagranda 2, dags. 21. júlí 2016, Ása Þórðardóttir, Eiríkur Sigurgeirsson, Magnús Guðmundsson og Snjólaug Sigurbjörnsdóttir, dags. 22. júlí 2016, Ástríður Jóhannesdóttir og Alexander Richter, dags. 24. júlí 2016 og stjórnarmenn í húsfélagi Keilugranda 8 Lára G. Jónasdóttir, Halla G. Jónsdóttir og Kristín A. Sigurgeirsdóttir f.h. eigenda og íbúa 13 íbúða að Keilugranda 8, dags. 26. júlí 2016 og Húsfélagið Keilugranda 6, dags. 27. júlí 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2016.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2016 með fjórum atkvæðum fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur fulltrúa Samfylkingarinnar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar og fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Hildur Sverrisdóttur og Mörtu Guðjónsdóttur sem greiða atkvæði á móti tillögunni og bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að lóðin Keilugrandi 1 (SÍF reiturinn) verði skilgreind sem íþrótta- og útivistarsvæði og að hún verði öll nýtt í þágu íþrótta- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum. Aðstöðuskortur háir nú þegar íþrótta- og útivistarsvæði í hverfinu og er því mikilvægt að hún fái aukið athafnarými. Enn skal minnt á að útlit er fyrir mikla þéttingu byggðar í Vesturbænum á næstu árum, sem gæti haft í för með sér að íbúum hverfisins fjölgi um allt að 5.500 manns eða 33%.

Meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna sýnir af sér mikið fyrirhyggjuleysi í skipulagsmálum með því að leggja annars vegar mikla áherslu á fjölgun íbúa í Vesturbænum en neita hins vegar að horfast í augu við þá staðreynd að slík fjölgun kallar á umtalsverða uppbyggingu innviða, ekki síst í þágu íþrótt- og grunnskólastarfsemi.

Marg oft hefur verið bent á að ákjósanlegasti kosturinn til að stækka íþróttasvæði KR sé að heimila félaginu afnot af umræddum reit að Keilugranda 1. Með þeirri ákvörðun vinstri-meirihlutans að ráðstafa umræddri lóð undir þetta fjölbýlishúsabyggð er jafnframt komið í veg fyrir að hún geti nýst í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum“

Fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir fulltrúi Samfylkingarinnar Sverrir Bollason, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka

„Sú uppbygging sem fyrirhuguð er við Keilugranda 1 veitir fjölbreyttum hóp tækifæri til búsetu í nýju húsnaði í Vesturbænum. Fyrir er á lóðinni vöruskemmi sem er umhverfi sínu til lítils sóma. Skólar og leikskólar í nágrenninu geta vel tekið við fjölgun íbúa. Áður hefur verið reynt að ná samkomulagi um uppbyggingu íþróttastöðu á lóðinni en KR hefur gefið þann möguleika frá sér. KR hefur yfirlýsta stefnu um að byggja upp aðstöðu sína innan marka síns svæðis og víðar í hverfinu. Meðal annars verður lýðheilsugarður til almenningsnota settur upp á umræddri lóð. Nýtt íbúðarsvæði á lóðinni verður hverfinu til sóma og eykur gæði umhverfisins“

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir situr hjá við afgreiðsluna og bókar:” Framsókn og flugvallarvinir sitja hjá við afgreiðsluna þar sem við teljum mikilvægt og algerlega nauðsynlegt hefði verið að gera ráð fyrir litlum verslunum og þjónusturýmum að hluta til á jarðhæð húsanna, til að auka möguleika á fjölbreyttri þjónustu við þann aukna fjölda íbúa sem stefnt er að með þéttingu byggðar á svæðinu. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020 gerir beinlínis ráð fyrir því skv. markmiði sínu en þar segir “Hún (hjólastefnan) skal vera þannig úr garði gerð að hún hvetji borgarbúa til að sinna erindum sínum á reiðhjólum. Mikilvægt er því fyrir meirihlutann að horfa til allra þeirra áætlana sem þeir hafa samþykkt við skipulagsgerð. Gert er ráð fyrir fólksfjöldaaukingu um allt að 5500 manns á næstu árum á svæðinu. Skammsýni við skipulagsgerð meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata virðist hér ráða för.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Mýrargata 26, breyting á deiliskipulagi** (01.115.3) Mál nr. SN160613
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
530511-1540 Byggakur ehf., Klettatröð 1, 235 Keflavíkurflugvöllu

Lögd fram umsókn Byggakrar ehf., mótt. 15. ágúst 2016 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Slippa- og Ellingsenreits vegna lóðarinnar nr. 26 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að breyta notkun á eign 0216 úr íbúð í verslunar- og þjónustuhúsnaði. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er óbreytt en íbúðum fækkar úr 68 í 67, samkvæmt tillögu, dags. 11. ágúst 2016.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Sogavegur 73-75 og 77, breyting á** (01.811) Mál nr. SN150500
deiliskipulagi
280259-3229 Oddur Kristján Finnbjarnarson, Nökkvavogur 19, 104 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Odds Kristjáns Finnbjarnarsonar, mótt. 28. ágúst 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Sogavegar, Vonarlands, vegna lóðanna nr. 73-75 og 77 við Sogaveg. Í breytingunni felst að rífa niður tvö hús á lóðinni nr. 73-75 við Sogaveg og byggja fjölbýlishús í stað þeirra ásamt byggingu fjölbýlishúss á óbyggðri lóð nr. 77 við Sogaveg, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. THG arkitekta ehf., dags. 24. febrúar 2016. Einnig er lögð fram fundargerð frá íbúafundi sem haldin var 31. mars 2016. Tillagan var auglýst frá 1. júlí til og með 12. ágúst 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigrún Sigurðardóttir, dags. 18. júlí 2016 og Þorsteinn Haraldsson, dags. 11. ágúst 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2016.

*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2016.
Vísan til borgarráðs.*

Hildur Sverrisdóttir vikur af fundi undir þessum lið.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17, breyting** (02.576) Mál nr. SN160009
á deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 6. janúar 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar vegna lóðanna nr. 9-11 við Bæjarflöt og 15-17 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst að byggt verði athafnahúsnæði á lóðunum þar sem áður var gert ráð fyrir bílastæði fyrir stóra bíla. Þá er gert ráð fyrir göngustíg meðfram lóðunum á milli Bæjarflatar og Gylfaflatar, samkvæmt upph. Landslags ehf., dags. 15. desember 2015. Tillagan var auglýst frá 16. mars til og með 27. apríl 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Líska María Karlsdóttir f.h. 24. fyrirtækja, dags. 20. apríl 2016, Halldór Kristján, dags. 26. apríl 2016, Veitur ohf. dags. 27. apríl 2016 ásamt minnisblaði, dags. 27. apríl 2016 og Pro Beauty, Líska María Karlsdóttir, dags. 28. apríl 2016. Einnig er lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 26. ágúst 2016, þar sem auglýst deiliskipulagstillaga fyrir Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17 er afturkölluð.

Erindið dregið til baka samkvæmt bréfi skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar dags. 26. ágúst 2016.

Umhverfis og skipulagsráð samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að upplýsa þá aðila sem sendu inn athugasemdir á auglýstri tillögu að með bréfi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 26. ágúst 2016 er boðað að ný tillaga með breyttri staðsetningu byggingarreits verði lögð fram.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

9. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 889 frá 30. ágúst 2016 og nr. 890 frá 6. september 2016.

(C) Fyrirspurnir

10. **Klapparstígur 10, (fsp) flutningur húss o.fl.** (01.151.2) Mál nr. SN160533
090161-7849 Ólafur Theodórs Ólafsson, Klapparstígur 10, 101 Reykjavík

lögð fram fyrirspurn Ólafs Theodórs Ólafssonar, mótt. 30. júní 2016, varðandi flutning á núverandi tímurbúsi sem byggt var 1905 ásamt auknu byggingarmagni á lóð nr. 10 við Klapparstíg, skv. uppdrætti Otium, ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2016.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2016.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

11. Vinnuskólinn, skýrsla starfshóps

Mál nr. US160109

Kynnt skýrsla starfshóps um starfsemi Vinnuskóla Reykjavíkur dags. 6. maí 2016.

Kynnt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Sverrisdóttir og Marta Guðjónsdóttir bóka: “Fulltrúar Sjálfstæðisflokks útveka fyrri afstöðu sína og tillögur bæði í fagráðum og í borgarstjórn og telja brýnt að unnið verði að því að 8. bekkingar fái vinnu við fjölbreytileg störf næsta sumar”.

Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir vísar af fundi kl. 13:07

Kristinn Snævar Jónsson tekur sæti á fundinum kl. 13:16

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Kristinn Snævar Jónsson bókar:

“Framsókn og flugvallarvinir telja afar æskilegt að skólabörn í efstu bekkjum grunnskóla Reykjavíkurborgar hafi möguleika til tekjuöflunar með vinnu við skipuleg störf, þar sem allir í þeim hópi hafa ekki aðgang að öðrum störfum. Vinna unglínganna á sumrin getur jafnframt haft visst forvarnarlegt gildi og eftir samfélagslega leikni að því er varðar þátttöku á vinnumarkaði sem starfsmaður og launþegi”.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri og Magnús A. Sveinbjörnsson skólastjóri vinnuskólans sitja fundinn undir þessum lið.

12. Akstur bifreiða og hópferðabifreiða um miðborgina, stefnumótun og aðgerðaáætlun - skipan starfshóps

Mál nr. US160216

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. september 2016, þar sem lagt er til að skipaður verði starfshópur til að útfæra stefnu um akstur bifreiða og hópferðabifreiða um miðborgina og vinna aðgerðaáætlun til 2-5 ára.

Umhverfis- og skipulagsráðs skipar fulltrúa samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Hildi Sverrisdóttur og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarsson í starfshópinn. Með þeim starfi eftirtaldir fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs: Þorsteinn Hermannsson, Hildur Gunnlaugsdóttir og Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir.

(D) Ýmis mál

13. Umhverfis- og skipulagssvið, sex mánaða uppgjör

Mál nr. US160210

Lögð fram og kynnt greinargerð vegna sex mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2016. Einnig er lögð fram verkstöðuskýrsla nýframkvæmda frá janúar til júní 2016.

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Fjárhagsáætlun, tíma- og verkáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2017-2021** Mál nr. US160035

Kynnt tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2017 og fimm ára áætlunar til ársins 2021. Einnig er lögð fram verkáætlun umhverfis og skipulagssviðs.

15. **Þórsgata 1 og Lokastígur 2, málskot** (01.181.1) Mál nr. SN160601
660106-0220 Juris eignarhaldsfélag hf, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Sindra M. Stephensen frá Juris eignarhaldsfélagi f.h. Fasteignafélagsins Óðinsvé ehf. og Vífils Harðarsonar, dags. 8. ágúst 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 24. júní 2016 varðandi stækkun á tengibyggingu milli fasteigna á lóðunum nr. 1 við Þórsgötu og 2 við Lokastíg. *Frestað.*

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Sigtún 38 og 40, málskot** (01.366.0) Mál nr. SN160602
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 12. ágúst 2016 var lagt fram málskot Ólafs Torfasonar f.h. lóðarhafa, dags. 3. ágúst 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 6. maí 2016 varðandi sameiningu lóðanna nr. 38 og 40 við Sigtún. Erindinu var vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 1. september 2016.

Með vísan til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra dags. 1. september 2016 er fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 6. maí 2016 staðfest.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Sverrisdóttir og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá við afgreiðsluna.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Betri Reykjavík, sópa þarf göngustíga v/hjólafólks (USK2016070012)** Mál nr. US160214
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "sópa þarf göngustíga v/hjólafólks" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 6. júlí 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málafloknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins.

18. **Battavellir, viðhald og uppsetning** Mál nr. US160193

Lagt fram bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 24. maí 2016, varðandi ástand battavalla og sparkvalla í Reykjavík. Einnig er lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa meirihluta íþrótt- og tómstundaráðs frá 16. júní 2016: " Með tilvísun í bréf ÍBR óska fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs og Pírata eftir því að teknar verði upp viðræður við skóla- og frístundaráð Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagsráð um viðhald og uppsetningu vallanna."

Vísað til meðferðar skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

19. **Tillaga borgarráðsfulltrúa** Mál nr. US160184

Sjálfstæðisflokksins, gatnaviðgerð á
Haukdælbraut - R16040215

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. júní 2016, þar sem eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarráðs 28. apríl 2016 er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Borgarráð beinir þeim tilmælum til umhverfis- og skipulagssviðs að sem fyrst verði lokið við gatnagerð á ófrágengnum og holóttum malarkafli á Haukdælubraut milli húsanna nr. 5-58." Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 1. september 2016.

Vísað til meðferða skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

20. **Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, áhættumat á losun örplasts í hafið**

Mál nr. US160212

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. ágúst 2016, þar sem eftirfarandi tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina frá fundi borgarráðs 25. ágúst 2016 er send umhverfis- og skipulagsráði til meðferðar: "Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu að borgarráð samþykki að láta framkvæma áhættumat hjá óvilhøllum sérfræðingi um losun örplasts úr skolpkerfi Reykavíkur í hafið.

Vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.

21. **Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, breytt verklag vegna fegrunarviðurkenninga Reykjavíkurborgar - R16080091**

Mál nr. US160209

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. ágúst 2016, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs á eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina frá fundi borgarráðs 18. ágúst 2016: "Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu að verklag við tilnefningar á fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar verði gert opinbert og gegnsætt, þannig að auglýst verði opinberlega á vefmiðlum og prentmiðlum eftir tillögum og að samráð við öll hverfisráðin verði formleg. Með þessu viljum við færa valdið frá embættismönnum til borgarinnar sjálfra."

Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

22. **Grettisgata 62, kæra 112/2016, umsögn** (01.190.1)

Mál nr. SN160633

701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 22. ágúst 2016 ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi til að byggja ofan á og við, og að innréttu átta íbúðir í fjölbýlishúsi á lóð nr.62 við Grettisgötu. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 29. ágúst 2016.

23. **Fegrunarviðurkenningar 2016, tilnefningar trúnaðarmál**

Mál nr. SN160583

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 19. ágúst 2016, vegna samþykktar borgarráðs frá 18. ágúst 2016 á tillögum fegrunarnefndar Reykjavíkur að tilnefningum til viðurkenninga fyrir árið 2016 vegna lóða fjölbýlishúsa og stofnanna og vegna endurbóta á eldri húsum.

24. **Nýlendugata 19C, breyting á deiliskipulagi** (01.131.2) Mál nr. SN160107
170279-5149 Þórður Bragi Jónsson, Vogsholt 11, 675 Raufarhöfn
- Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 19. ágúst 2016, vegna samþykktar borgarráðs frá 18. ágúst 2016, á breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 19C við Nýlendugötu.
25. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðborgin, breyting á aðalskipulagi** Mál nr. SN160076
- Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 19. ágúst 2016, vegna samþykktar borgarráðs frá 18. ágúst 2016, á breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 hvað varðar stýringu á starfsemi við skilgreindar götuhliðar í miðborginni.
26. **Njálsgata 37, breyting á deiliskipulagi** (01.19) Mál nr. SN160035
180844-4149 Benjamín G Magnússon, Grundarsmári 17, 201 Kópavogur
- Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 25. ágúst 2016, vegna staðfestingar borgarráðs s.d. á synjun umhverfis- og skipulagssviðs frá 17. ágúst 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi 1.190.0, Njálsgötureitur 1, vegna lóðarinnar nr. 37 við Njálsgötu.
27. **Hverafold 49-49A, breyting á skilmálum** (02.866.0) Mál nr. SN160239
deiliskipulags Foldahverfis
050653-5529 Þormóður Sveinsson, Heiðargerði 124, 108 Reykjavík
210651-3579 Ingibjörg H Harðardóttir, Hverafold 49, 112 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 25. ágúst 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á skilmálum deiliskipulags Foldahverfis suður, 1. og 2. áfanga, vegna lóðarinnar nr. 49-49A við Hverafold.
28. **Fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina,** Mál nr. US160220
hversu margar breytingar á Aðalskipulagi í Reykjavík
- Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði um a) hversu margar breytingar hafa verið gerðar á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar á þessu kjörtímabili eða frá 16. júní 2014, b) hversu margar formlegar athugasemdir hafa borist við þessar aðalskipulagstillögur, bæði í heild og síðan sundurliðaðar eftir hverju breytingartillögu fyrir sig og c) hvað hefur verið tekið tillit til margra athugasemda sem hafa borist?
29. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Mörtu** Mál nr. US160221
Guðjónsdóttur Reykjavíkurflugvöllur
- Nú eru ákveðin tímamót varðandi málefni Reykjavíkurflugvallar þar sem innanríkisráðherra hefur óskað eftir viðræðum við borgarstjóra um framtíð flugvallarins og fyrir liggur á Alþingi þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi framtíð hans. Um er að ræða eitt stærsta skipulagsmál borgarinnar sem hefur verið keyrt í gegn í mikilli andstöðu við vilja borgarbúa og landsmanna. Með það í huga og þeirri staðreynd að enn er hægt að endurskoða fyrri ákvarðanir sem hafa leitt til lokunar neyðarbrautarinnar er lagt til að uppbyggingin á Hlíðarendasvæðinu verði endurskoðuð í samráði við lóðarhafa þannig að uppbyggingin þar komi ekki í veg fyrir opnun neyðarbrautarinnar á ný.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:45

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Hildur Sverrisdóttir
Kristinn Jónsson

Sverrir Bollason
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Marta Guðjónsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 30. ágúst kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 889. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Músson, Björn Kristleifsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Eva Geirsdóttir, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack.

Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- 1. Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN051462
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta stofnerindi BN048688 sem felst í því að stækka hús T4 og L1 á Reiti-1 og fækka stigahúsum, ásamt því að breyta bílakjallara á Reiti-11 (en byggingar á Reiti-2 eru óbreyttar) á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Stækkun:
Reitur-2 : 117,0 ferm., 1.050,2 rúmm.
Reitur-11: 386,8 ferm., 1.541,1 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
- 2. Austurbrún 6** (01.381.102) 104774 Mál nr. BN051412
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sambýli fyrir fatlaða einstaklinga á lóð nr. 6 við Austurbrún.
Stærðir: A-rými 586,2 ferm., 2.218,9 rúmm. B-rými 132,6 ferm., 436,6 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.

3. **Álfheimar 74** (01.434.301) 105290 Mál nr. BN051566
471083-1199 LF13 ehf., Álfheimur 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta læknastofu í mhl. 01 í nýja starfsemi sem er fyrir blóðrannsóknir í suðurhluta 2.hæðar í húsinu á lóð nr. 74 við Álfheima.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
4. **Ármúli 17** (01.264.004) 103527 Mál nr. BN051513
460616-0420 MAL ehf., Nökkvavogi 26, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í gistiheimili í fl. II B í húsinu á lóð nr. 17 við Ármúla.
Grein brunahönnuðar dags. 9. ágúst 2016, samþykki meðeigenda húss á teikningum A4 ódags. fylgir.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
5. **Ásvallagata 18** (01.162.012) 101238 Mál nr. BN051507
020462-5319 Sigríður Björnsdóttir, Ásvallagata 18, 101 Reykjavík
130164-4049 Valur Ragnarsson, Ásvallagata 18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýtt garðhýsi (geymslu), breyta útitröppum samhliða endurnýjun, lækka yfirborð lóðar til samræmis við aðliggjandi lóðir og reisa steypa vegg, bæði á lóðamörkum og innan lóðar, á lóð nr. 18 við Ásvallagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst
Samþykki lóðarhafa á aðliggjandi lóðum fylgir erindi.
Gjald. kr. 10.100
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Ásvallagata 27** (01.162.205) 101263 Mál nr. BN051531
211086-2549 Brynjar Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík
020371-4399 Steinunn Thorarensen, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík
240381-7299 Jómar Axel Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvo kvisti samhliða endurnýjun á þaki, ásamt veggsvölum á bakhlið á 1. og 2. hæð og rishæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 27 við Ásvallagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst
Stækkun A-rými x ferm. x rúmm. B-rými x ferm. og x rúmm. C-rými.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2016.
7. **Bankastræti 2** (01.170.101) 101328 Mál nr. BN051011
571212-0210 FÍ Fasteignafélag slhf., Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi 1. og 2. hæðar þannig að stigi á milli hæða í mhl 02 er fjarlægður, koma fyrir eldhúsi í rými 0201 mhl. 02, fjarlægja salerni þar, koma fyrir hjólastólalyftu í stigagangi og koma fyrir fjórum salernum fyrir 120 gesti í veitingarstaðnum í fl. II í húsinu á lóð nr. 2 við Bankastræti.
Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 3. júlí 2016 og 20. júlí 2016 fylgja erindi, einnig greinargerð brunahönnuðar dags. 22. ágúst 2016 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 26. ágúst 2016.
Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

8. **Bárugata 35** (01.135.402) 100480 Mál nr. BN050853
311254-4809 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Bárugata 35, 101 Reykjavík
111249-4749 Hjörleifur Sveinbjörnsson, Bárugata 35, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera íbúð í risi að séríbúð og loka á milli hennar og íbúðar á 2. hæð, síkka þakglugga og byggja svalir á rishæð fjölbýlishúss á lóð nr. 35 við Bárugötu. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. apríl 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. apríl 2016. Stærðarbreytingar: rúmm.
Meðfylgjandi er íbúðarskoðun dags. 15.8. 2016.
Gjöld kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Bergstaðastræti 12A og 12B** (01.180.211) 101699 Mál nr. BN051169
620805-3270 Bergtak ehf., Bergstaðastræti 12, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja við norður- og austurhlið húss nr. 12B mhl. 03, byggja lyftustokk utan á vesturhlið húss nr. 12A mhl. 01 og endurnýja steinbæinn Brennu nr. 12, mhl. 02 og innréttu sem íbúð skv. samþykktu deiliskipulagi dags. 30. mars 2015 fyrir hús á lóð nr 12 við Bergstaðastræti.
Meðfylgjandi er staðfesting burðarvirkjahönnuðar dags. 17. maí 2016, mat á sambrunahættu dags. 25. maí 2016, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. desember 2015 og svar sömu stofnunar ódagsett. Staðfesting á stærðarbreytingum dags. 10.6. 2016. Einnig ný umsögn Minjastofnunar dags. 15. júní 2016. Bréf hönnuðar dags. 10.6. 2016.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. júlí 2016 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2016.
Stærðir samtals : Stækkun 40,2 ferm., /minnkun 121,7 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Borgartún 6** (01.220.002) 102778 Mál nr. BN050146
581008-0150 Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Sótt er um samþykki á fjölgun eigna, þrem eignum sem áður tilheyrðu séreign 0101 er breytt í séreignir, eignum fjölga úr 7 í 10, meðfylgjandi er samþykki eigenda, dags. 13.10. 2015 og bréf arkitekts dags. 19.8. 2016, í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
11. **Brautarholt 8** (01.241.205) 103023 Mál nr. BN051406
660214-0380 LL09 ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum innanhúss á 2. hæð sem felast í fjölgun eignahluta, breytingu á brunahólfun, sameiningu rýma, tilfærslu á snyrtingum, nýrri sturtu og nýjum kaffisstofum í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 8 við Brautarholt.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 26. ágúst 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

12. **Engjateigur 7** (01.366.501) 179535 Mál nr. BN051504
430214-1520 Ístak hf., Bugðufhljóti 19, 270 Mosfellsbær
540671-0959 Iceland Construction ehf., Bugðufhljóti 19, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til að breyta skrifstofuhúsi Ístak í sendiráð Bandaríkjanna með breytingum innanhúss, nýrri girðingu á lóðamörkum og nýju hliði og aðgengi frá götu á lóð nr. 7 við Engjateig.
Stærðir: 3.196,6 ferm., 11.821,8 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. **Engjavegur 7** (01.372.201) 210706 Mál nr. BN051403
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir fyrsta áfanga af þremur sem felst í endurnýjun á eldri stúku á lóð nr. 7 við Engjaveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
14. **Fagribær 13** (04.351.501) 111147 Mál nr. BN051245
100673-4799 Jón Björgvin Stefánsson, Fagribær 13, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg í einbýlishúsi á lóð nr. 13 við Fagrabæ.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 31. maí 2016 fylgir erindinu.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. **Fiskislóð 23-25** (01.089.202) 209680 Mál nr. BN051551
680406-1030 FF 11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
430475-0299 VSP ehf, Klapparstíg 3, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN047028 er varðar staðsetningu á brunaslöngum í húsi á lóð nr 23-25 við Fiskislóð.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
16. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN051564
500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á erindi BN048776, breytt hefur verið fyrirkomulagi á herbergjum og língeymslur færðar, í gististað í mhl. 04 á lóð nr. 8 við Frakkastíg.
Gjald kr. 10.800
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. **Freyjugata 6** (01.184.523) 102128 Mál nr. BN051544
140448-4199 Guðmundur Ólafsson, Freyjugata 6, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að sameina rými 0104 sem er "ósamþykkt íbúð" og rými 0103, sem er geymsla íbúðar 0201 í mhl. 01 og stækka þannig ósamþykkt íbúð í mhl. 02 á lóð nr. 6 við Freyjugötu.
Gjald kr. 10.100
Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

18. **Fríkirkjuvegur 11** (01.183.413) 101973 Mál nr. BN051475
631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN049604 sem felst í breytingu á aðgengi að kjallara við sunnanvert húsið á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg.
Sjá ennfreður erindi BN050726.
Bréf hönnuða um ábyrgðasvið dags. 05.08.2016 fylgir erindi.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdrátta nr. 101B, 102B, 103B og 104B dag. 2, ágúst 2016.
Nikulás Úlfar Músson vék af fundi við afgreiðslu málsins
Óskar Torfi Þorvaldsson tók sæti hans við afgreiðslu málsins.
19. **Geirsgata 7-7C** (01.117.307) 219202 Mál nr. BN051546
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta eldri verbúð í verslun á jarðhæð og vinnustofu á efri hæð, með nýjum stiga milli hæða, í húsi á lóð nr. 7 við Geirsgötu.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
20. **Gissurargata 5** (05.113.703) 214851 Mál nr. BN051423
141073-4439 Gunnar Sigurður Gunnarsson, Breiðagerði 8, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílageymslu á lóð nr. 5 við Gissurargötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2016 og varmatapsútreikningi dags. 17. ágúst 2016.
Stærðir húss eru 302,1 ferm. og 1.153,1 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr. BN051009
480514-0680 Leiguafli slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja inndregna hæð ofan á svalir á bakhlið og innrétta 24 íbúðir á 2. 3. og 4. hæð húss á lóð nr. 12 við Grensásveg.
Jafnframt er erindi BN048915 dregið til baka.
Stækkun: 558,3 ferm., 1.863,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
22. **Grettisgata 54B** (01.190.110) 102385 Mál nr. BN050495
550305-0380 Reir ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að flytja friðað einbýlishús frá 1904, sem nú stendur á lóð nr. 9 á Vegamótastíg, á steiptan sökkul, innrétta tvær íbúðir, breyta gluggum, byggja á það tvennar svalir og fjóra kvisti, á lóð nr. 54B við Grettisgötu.
